

# Stærðfræðimynstur í tölvunarfræði

## Aukaathugasemdir

### Meira um eiginleika vensla

- Vensl  $R$  á mengið  $A$  eru *sjálfhverf* (reflexive) ef  $(a, a) \in R$  fyrir sérhvert stak  $a \in A$ .
  - Vensl  $R$  á mengið  $A$  eru *ósjálfhverf* (irreflexive) ef  $(a, a) \notin R$  fyrir sérhvert stak  $a \in A$ .
  - Vensl  $R$  á mengið  $A$  eru *samhverf* (symmetric) ef  $[(a, b) \in R] \Rightarrow [(b, a) \in R]$ .
  - Vensl  $R$  á mengið  $A$  eru *andsamhverf* (antisymmetric) ef  $[(a, b) \in R \text{ og } (b, a) \in R] \Rightarrow [a = b]$ .
  - Vensl  $R$  á mengið  $A$  eru *ósamhverf* (asymmetric) ef  $[(a, b) \in R] \Rightarrow [(b, a) \notin R]$ .
  - Vensl  $R$  á mengið  $A$  eru *gegnvirk* (transitive) ef  $[(a, b) \in R \text{ og } (b, c) \in R] \Rightarrow [(a, c) \in R]$ .
- 
- Vensl  $R$  eru *jafngildisvensl* (equivalence relation) ef  $R$  eru sjálfhverf, samhverf og gegnvirk.
  - Vensl  $R$  eru *hlutröðunarvensl* (partial order) ef  $R$  eru sjálfhverf, andsamhverf og gegnvirk.
- 

[hh \(hja\) hi.is](#), 28. október, 2005.